

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reyjavík

Húnaþingi vestra, 4. desember 2023  
Mál nr. 2311032 U.V.H.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.)  
468. mál.

Á 1198. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 4. desember 2023 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.) 468. mál, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

*Óskað hefur verið umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, þar með talinn gistináttaskatt. Um langt skeið hefur verið umræða um að gistináttaskattur renni til sveitarfélaga til að mæta kostnaði við þjónustu við ferðamenn sem og uppbyggingu innviða. Byggðarráð leggur áherslu á að þær hugmyndir nái fram að ganga og gerðar verði breytingar á framlögðu frumvarpi í þá átt að gistináttaskattur renni til sveitarfélaga með sanngjarnri jöfnun yfir landið en ekki í ríkissjóð. Ekki þykir ástæða til umsagnar um aðra liði frumvarpsins. Sveitarstjóra er falið að koma umsögninni á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúð til samtals við efnahags- og viðskiptanefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

  


Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.